

49. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn á skrifstofu skólameistara þriðjudaginn 5. apríl, kl. 9.00

Fundinn sátu nefndarmenn: Sigurður Ingi Jóhannsson, Edda Antonsdóttir, Ragnar Sær Ragnarsson, Gunnar Þorgeirsson og Margrét Einarsdóttir.

Ennfremur fulltrúi kennara: Hilmar J. Bragason og nýr fulltrúi nemenda: Sigurpáll Árnason.
Halldór Páll Halldórsson, skólameistari og Páll M. Skúlason, aðstoðarskólameistari.

Fundarefni:

- 1. Niðurstæða hugmyndanefndar um framtíð húss Héraðsskólans.*
- 2. Félagsfræðibraut haustið 2005*
- 3. Starfsmannamál*
- 4. Önnur mál.*

Formaður setti fundinn og bauð nýjan fulltrúa nemenda velkominn. Fór síðan yfir mál sem liggja fyrir fundinum og gaf skólameistara orðið um fyrsta lið.

1. Niðurstæða hugmyndanefndar um framtíð húss Héraðsskólans.

Skm. fylgdi málinu úr hlaði og dreifði 3 fundargerðum nefndarinnar. (fskj.1)

Vísast í fylgiskjalið um niðurstöður nefndarinnar að öðru leyti en því að þar er lagt til við skólanefnd að hún leggi til við Menntamálaráðuneytið að húsið fari í sölumeðferð.

Skólanefnd samþykkti að kynna niðurstöður hugmyndanefndar fyrir menntamálaráðherra. Formanni og skólameistara var falið að gera það.

2. Félagsfræðibraut haustið 2005

Skm reifaði málið og dreifði fyrirhuguðu skipulagi brautarinnar.(fskj 2).

Skv. því er gert ráð fyrir að skipulag fyrsta árs á mála- og félagsfræðibraut verði það sama. Af þeim sökum gefst tími til nánari útfærslu á næsta skólaári. Ekki er, á þessu stigi, gert ráð fyrir að nemendafjöldi á mála- og félagsfræðibraut fylli nema eina bekkjardeild næsta vetur, vegna óvissu um aðsókn.

Til kynningar.

3. Starfsmannamál

Skm. reifaði.

Auglýst verður eftir kennara til kennslu 12 tíma í dönsku þar sem þar er nú ekki réttindakennari. Ennfremur mun vanta kennara í nokkra tíma í stærðfræði og eðlisfræði.

Til kynningar.

4. Önnur mál.

a. Skm. dreifði **skólaskýrslu ársins 2004** (fskj.3) og fjallaði lítillega um tilurð hennar og tilgang. Kynnti hann valin atriði úr skýrslunni.

Til kynningar.

b. **Sæmræmd próf** verða haldin í íslensku, ensku og stærðfræði í byrjun maí. Skráning er mjög góð nema í stærðfræði.

c. **Nýr kjarasamningur** eru nú að fara í kynningu meðal kennara og verða greidd atkvæði um hann á næstu dögum.

d. **Kynningarmál.** Skm gerði grein fyrir hvernig staðið er að kynningarmálum fyrir efstu bekkni grunnskóla nú. Þau eru unnin að stórum hluta sem hluti af áfanganum ÍSL473. Sent er út spjald/markpóstur sem hvetur

til skoðunar á heimasíðu skólans en þar er búið að setja upp sérstaka kynningarsíðu.

e. GP spurðist fyrir um hvar umræðan um **styttingu náms til stúdentsprófs** væri stödd. Í raun varð fátt bitastætt um svör en málið rætt frá ýmsum hliðum.

Fundi slitið kl. 10.55

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason